

## **1052. Fundur í stjórн VR 30.11.2010**

### **Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar**

**Mættir á fundinn eru:** Kristinn Örn Jóhannesson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Bjarki Steingrímsson, Jón Magnússon og Óskar Kristjánsson.

---

#### **1. Breytingar á 20.gr laga VR**

Kristinn Örn Jóhannesson formaður stjórnar setti fund kl: 18:20 og bauð fundarmenn velkomna og sagði lauslega frá dagskrá fundarins. Markmið fundarins var að stjórnin kæmi sér saman um lagabreytingu á 20.gr. laga VR.

Guðmundur B. Ólafsson fékk orðið frá formanni og lagði fram lagadrög og útskýrði stuttlega innihald lagabreytingana.

-Almennar umræður um lagabreytingarnar-

Að umræðum loknum óskar Bjarki Steingrímsson eftir atkvæðagreiðslu um að leggja fram þær lagabreytingar sem hafi verið kynntar á fundinum fyrir trúnaðarráðinu, en að 20.greininni yrði breytt á þá leið að allir félagsmenn hafi atkvæðisrétt til að kjósa stjórn og trúnaðarráð félagsins.

Stjórnin kýs um tillöguna og hún er feld með níu atkvæðum gegn einu.

Kristinn Örn óskar eftir kosningu innan stjórnar um að leggja fram þær lagabreytingar sem hafi verið kynntar á fundinum fyrir trúnaðarráðinu, en með þeim breytingum að fækka fjölda meðmælanda sem þurfi til að óska eftir allsherjarkosningu fyrir formannskosningu úr hundrað í fimmtíu og fyrir stjórnarframboð úr fimmtíu í tuttugu og fimm. Jafnframt að sú klausa yrði sett inn að varamenn sitji aðeins í eitt ár.

Stjórnin kýs um tillöguna og hún er samþykkt með 8 atkvæðum, einn er á móti, einn situr hjá.

Enginn önnur mál er lögð fram.

Fundi er slitið kl:19:06